

Nd.

61. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Sigurjón Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við lögín komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 hefur verið lögfest og ákvæði sett um tekjur sýsluvegasjóða með hliðsjón af hinu nýja fasteignamati (sbr. lög nr. 33 1955, um samræmingu á ma'i fasteigna, 10. gr.), að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi að viðbættum samanlögðum hundradshluta þeirrar hækkunar á kaupgjaldi og öðrum kostnaði við vegagerð, sem átt hefur sér stað frá árslokum 1954 samkvæmt útreikningi vegamálastjóra hverju sinni. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 9. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að ráða nokkra bót á fjárhagsörðugleikum sýsluvegasjóðanna. Með lögum nr. 10 frá 1953 var sýslunefndum heimilað að innheimta, þar til nýtt fasteignamat hefði farið fram, vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 50% álagi. Þessu álagi var ætlað að mæta þeirri hækkun á kaupgjaldi og öðrum kostnaði við vegagerðina, sem átt hafði sér stað þá á undanförunum árum. Hækkun þessi bætti mikið úr, en hefur þó reynzt ófullnægjandi vegna vaxandi útgjalda sýsluvegasjóðanna til viðhalds og nýbygginga sýsluvega. Við þetta bætist, að kaup vegavinnnumanna og annar kostnaður við vegagerð stórhækkaði á yfirstandandi ári, svo sem öllum er kunnugt. Af þessu leiðir, að sýsluvegasjóðirnir geta ekki lengur með sömu tekjum og þeir hafa haft annað því hlutverki, sem þeim er ætlað. Það verður því ekki hjá því komizt að hækka vegaskattinn til móts við áðurgreindar kauphækkanir og aukinn kostnað.

Í lögum um samræmingu á fasteignamati frá síðasta Alþingi er gert ráð fyrir, að þegar hið nýja fasteignamat gengur í gildi, fari fram endurskoðun á gjöldum til sýsluvegasjóða og á öðrum hundradsgjöldum af fasteignum. Varlegast er að gera ráð fyrir, að þeirri endurskoðun verði ekki lokið fyrr en á árinu 1957. Allir kunnugir vita, að sýsluvegirnir þola ekki að biða í tvö ár eftir nauðsynlegum tekjuauka sýsluvegasjóðanna, með þeim afleiðingum, að vegaviðhaldinu hraki og nauðsynlegar vegabætur verði lagðar á hilluna. Hér er því lagt til, að sett verði nýtt bráðabirgðaákvæði, er heimili sýsluvegasjóðum tekjur á móti auknum kostnaði við vegagerðina, þar til áðurgreindri endurskoðun er lokið.